

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið  
Síðumúla 24  
108 Reykjavík

Reykjavík, 6. febrúar 2023

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (sameining Vinnumálastofnunar og Fjölmenningsseturs), 153. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal x— x. mál. Stjórnarfrumvarp.

Virðingarfyllt,  
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,  
framkvæmdastjóri.

## UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (sameining Vinnumálastofnunar og Fjölmenningsseturs),  
153. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal x— x. mál. Stjórnarfrumvarp.

### Inngangur

Rauði krossinn lætur sig aðstæður innflytjenda og flóttafólks varða og hefur áratugum saman gætt hagsmuna þeirra. Félagið hefur lengi talað fyrir jöfnu aðgengi og tækifærum allra innflytjenda á Íslandi og samhæðari og efldri þjónustu.

Rauði krossinn telur hugsunina að baki frumvarpinu lýsa mikilvægum áformum í átt að betri og samhæðari þjónustu við innflytjendur og flóttafólk sérstaklega sem einn af viðkvæmustu hópum innflytjenda. Um leið verði dvalarleyfis-, verndarveitingar- og inngildingarferlið (e. *inclusion*) sem við tekur gert skilvirkara og árangursríkara.

### Almennar athugasemdir

Líkt og áður segir telur Rauði krossinn að hér sé stigið skref í rétta átt en leggur jafnframt áherslu á að einmitt nú þessa mánuðina er verið að vinna stefnumótun til langs tíma sem horfi til allra sviða samfélagsins varðandi gagnkvæma aðlögun flóttafólks, innflytjenda og samfélags (e. *inclusion*).

Þessarar vinnu hefur verið beðið lengi og eru væntingar um mun skýrari framtíðarsýn fyrir málaflokkinn og hvernig framkvæmdinni verði háttáð. Heppilegra hefði verið að sú stefnumótun hefði verið komin lengra áður en ráðist yrði í frekari tilfærslu verkefna milli stofnana. Nýlegar breytingar eru m.a. eftirfarandi; uppsetning samræmds móttökufेरils þar sem bæði Fjölmenningssetur og Vinnumálastofnun fengu aukið hlutverk sem þau eru að fóta sig í og hlutverk annarra þjónustuaðila breyttist, Ráðgjafarstofa fyrir innflytjendur var sett á laggirnar sem tilraunaverkefni og síðan nýlega færð undir Fjölmenningssetur, talsmannþjónusta umsækjenda um vernd færðist frá einum aðila (Rauða krossinum) yfir á marga einstaka lögmenn og verkefni er varða félagslegan stuðning við umsækjendur um vernd voru flutt frá Útlendingastofnun til Vinnumálastofnunar á síðasta ári. Á meðan þessu hefur staðið hefur fjöldi bæði innflytjenda og sérstaklega flóttafólks aukist mikið. Þannig má sjá að mjög margt er í deiglu í málaflokknum og spurning hvort dagsetning sameiningar stofnananna sem stefnt er að (þ.e. í apríl á þessu ári) sé ekki of skammt undan. Félagið vill einnig nefna að ofangreindar tilfærslur og breytingar á verkefnum hefði mátt undirbúa betur og metum við það útfrá óþarflega mörgum óvissumálum þegar ofangreindar breytingar gengu í garð.

Rauði krossinn vill vekja athygli á að nafn sameinaðrar stofnunar á að vera *Vinnumálastofnun* samkvæmt frumvarpinu. Orðræða undanfarinna áratuga um innflytjendur hefur löngum borið keim af því að innflytjendur séu fyrst og fremst vinnuafli og/eða varavinnuafli sem mögulega sé hægt að stýra til og frá landinu í takt við þarfir vinnumarkaðarins hverju sinni. Það er hins vegar afar viðamikil verkefni að taka á móti fólki af erlendum uppruna inn í samfélagið. Auk þátttöku á vinnumarkaði er einnig átt við allt það sem gerir virka samfélagslega þátttöku hvers og eins mögulega og að margvíslegir innviðir samfélagsins verði lagaðir að algerlega breyttri samsetningu þjóðarinnar, með öllum þeim

áskorunum sem fylgja. Og enn vill félagið undirstrika viðkvæma stöðu margra flóttamanna sem hér fá vernd og þann erfiða bagga sem flóttanum fylgir.

Allra síðustu ár hefur orðræðan einmitt breyst og gefur til kynna að samfélagið okkar sé sér betur meðvitandi um umfang og áskoranir þessa verkefnis. Félagið lýsir áhyggjum af því að þess sjái ekki stað í nafni sameinaðrar stofnunar og hvort það geti verið vísbending um að þetta verkefni, bæði gagnkvæm aðlögun almennt og móttaka flóttafólks, sem sinnt hefur verið af sérhæfðri minni stofnun, fái ekki það vægi og tækifæri til vaxtar og þróunar sem það þarfnast óumdeilanlega, með sameiningu við stærri sérhæfða vinnumálastofnun.

Það er brýnt að tryggja yfirfærslu á mikilvægri og sérhæfðri þekkingu, reynslu, menningarnæmi og verklagi þeirra sem unnið hafa undir merkjum Fjölmenningsarseturs við sameininguna sem ennfremur getur eflt til muna faglega þekkingu og starf sem Vinnumálastofnun sinnir nú þegar. Því er mikilvægt að undirbúningur við ofangreinda sameiningaráætlun sé eins vandaður og kostur er, sé gefinn nægur tími og að breytingarnar bitni ekki frekar á þeim sem síst skyldi, þ.e. nýjum íbúum landsins sem þjónustuna þiggja og eiga fullt í fangi við að fóta sig í þeim frumskógi sem framandi samfélag virðist vera á fyrstu skrefunum.

Að þessu sögðu væntir Rauði krossinn góðs samstarfs við sameinaða og öflugra stofnun þegar hún verður að veruleika.

#### **Lokaorð**

Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir til hitta fulltrúa ráðuneytisins til þess að reifa framangreindar athugasemdir og svara spurningum sé þess óskað.